

ASKJAN

FJÖLSKYLDUSTUÐNINGUR



Akureyrarbær
Velferðarsvið

Hvað er Askjan?

Askjan er þjónusta sem veitt er inn á heimili barnafjölskyldna í þeim tilgangi að styrkja foreldra í uppeldislutverkinu og umönnun barna sinna.

Samhliða uppeldisráðgjöf er einnig boðið upp á ráðgjöf varðarndi heimilishald.

Markmið Öskjunnar

Að veita markvissa aðstoð til barnafjölskyldna inn á heimili þeirra.

Að hjálpa fjölskyldum að uppgötva sín eigin bjargráð.

Veita stuðning svo auka megi foreldrahæfni sem stuðlar að betri líðan og samskiptum innan fjölskyldunnar.



Fyrir hverja er Askjan?

Markhópurinn eru foreldrar/forráðamenn sem eiga í erfiðleikum með uppeldislutverkið, ýmist vegna aðstæðna foreldranna sjálfra, erfiðleika hjá barninu eða umhverfisþátta.

Uppeldisverkefni eru margþætt og taka mið af aldri og þroska barnanna.

Skipulag þjónustunnar

Askjan er markvisst inngrip í afmarkaðan tíma.

Þjónustan er fyrst og fremst í formi heimsóknna inn á heimilið eftir þörfum. Ráðgjafi Öskjunnar er einnig í samvinnu við lykilaðila í nærumhverfi barnsins, s.s. heilsugæslu, skóla og aðra sem koma að málefnum barnsins.

Matslistar eru fylltir út með foreldrum í upphafi og við lok þjónustu.

Hvernig er sótt um þjónustu Öskjunnar?

Þjónustuna er hægt er að sækja um í gegnum eftirfarandi aðila:

- Félagsþjónustu Velferðarsviðs
 - Barnavernd
- Sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla á Fræðslu- og Lýðheilsusviði

Dæmi um verkefni Öskjunnar

- ◆ Aðstoða foreldra við að setja börnum sínum mörk.
- ◆ Samskipti og tengsl innan fjölskyldna
- ◆ Koma reglu á morgun- og kvöldvenjur
- ◆ Skjánotkun
- ◆ Skólaforðun
- ◆ Skipulag við daglegar athafnir fyrir börn & foreldra/forráðamenn
- ◆ Almenn uppeldisráðgjöf
- ◆ Step by Step, íhlutunarleið

Umsagnir notenda:

“Árangurinn var mun meiri og betri en ég bjóst við og hjálpaði mér að finna aftur sjálfstryggi mitt sem móðir”
(tveggja barna móðir í sambúð)

“Fékk aðstoð við að fá skipulag á heimilinu og koma rúfínu á svefn barnsins”
(einstæð móðir með eitt barn)

“Starfsmaðurinn gaf sér tíma til að hlusta og hjálpaði mér að koma hlutum í verk sem kvíði hafði áður hamlað”
(einstæði móðir með eitt barn)

“Fékk góðar leiðbeiningar við að koma á skipulagi og umbunarkerfi - það nýttist mér vel”
(tveggja barna faðir í sambúð)



Barna- og fjölskylduþjónusta
Velferðarsvið Akureyrarbæjar
Glerárgötu 26
600 Akureyri
Netfang: velferdarsvid@akureyri.is